

Ed.

109. Frumvarp

til laga um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Flutningsmaður: Jóhannes Jóhannesson.

1. gr.

Háskóli Íslands skal hafa einkarjett til þess að gefa út og selja eða afhenda með öðrum hætti almanök og rimbækur á Íslandi.

2. gr.

Háskólaráðið sjer um útreikning almanaksins, útgáfu þess og sölu. Það heldur reikning yfir tekjur og gjöld af útgáfunni og birtir hann árlega í Árbók Háskólans, endurskoðaðan af hálfu Háskólans, með sama hætti sem ársreikningur Háskólans.

3. gr.

Háskólaráðinu er skylt að gefa almanak út árlega, í nægilega mörgum eintökum og svo snemma, að almenningur eigi þess kost að afla sjer þess fyrir ár það, sem í hönd fer, hjá útsöllumönnum í hverri sýslu eða kaupstað fyrir hver áramót.

4. gr.

Ráðherra ákveður verð almanaka Háskólans, eftir tillögum Háskólaráðsins.

5. gr.

Það er brot á einkarjetti Háskólans samkvæmt 1. gr., ef maður:

1. Flytur inn í landið til sölu eða afhendingar með öðrum hætti önnur almanök eða rimbækur en þau, er í 1. gr. segir.
2. Selur hjer í landi eða afhendir með öðru móti önnur almanök eða rimbækur en þau, sem einkarjettur Háskólans nær til.
3. Gefur út hjer á landi á prenti eða með öðrum hætti almanök eða rimbækur eða kafla úr þeim.
4. Prentar upp eða fjölritar almanök Háskólans eða rimbækur, eða kafla úr þeim, til þess að selja eða láta af hendi með öðrum hætti.

6. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögum Háskólaráðs, leyft að gefa út dagaskrár og þess konar bækur eða töflur, svo og að flytja inn í landið útlend almanök eða dagaskrár, enda greiði útgefandi eða innflytjandi gjald, sem ráðherra ákveður eftir tillögum Háskólaráðs, til Háskólans af hverju eintaki, sem hann

gefur út eða flytur inn, og sje nægt eftirlit með því, að eintakafjöldi sje rjett tilgreindur og að leyfi verði ekki að öðru leyti misbrúkað.

Heimilt er og að taka kafla úr erlendum almanökum eða almanaki Háskólans í visindarit eða kenstlubækur og þess konar rit til skýringar, svo og að flytja inn í landið og selja samskonar útlend rit með köflum úr almanökum; enda megi þeir teljast, að dómi ráðherra, að eins óverulegur hluti ritsins eða bókarinnar.

7. gr.

Fyrir brot samkvæmt 5. gr. skal refsa með sektum frá 100—2000 kr., ef það er framið af ásetningi eða gáleysi, enda liggi ekki þyngri refsing við að öðrum lögum.

Sektir má taka fjárnámi.

Leggja skal þegar hald á rit þau, sem ólöglega hafa verið flutt til landsins, gefin hjer út eða seld eða af hendi látin samkvæmt 5. gr., og skal síðan gera þau upptæk með dómi.

Skaðabætur skal hver sá greiða, sem sekur verður eftir 5. gr. Miða skal bætur, ef því verður við komið, við samanlagt söluverð ólöglega seldra eða afhentra eintaka, að frádregnum hæfilegum sölulaunum. Ella skal ákveða bætur eftir atvikum.

8. gr.

Nú ná islenskir dómstólar ekki til þess manns, sem brotlegur hefir orðið samkvæmt 5. gr., vegna vistar hans erlendis, og skal þá sá svara til sakar, til refsingar eða skaðabóta, sem geymir hjer, selur eða afhendir eða prentar eða fjölrítar rit, eða kafla úr þeim, óheimilt samkvæmt 5. gr. Ráðherra kveður á um það, hvern skuli sækja, ef um fleiri er að velja, eða hvort fleiri menn en einn skuli sækja fyrir sama brot.

9. gr.

Mál út af brotum samkvæmt 5. gr., sbr. 7. og 8. gr., skal eigi höfða, nema Háskólaráðið krefjist þess. Fara skulu málin að hætti almennra lögreglumála.

Refsikrafa samkvæmt lögum þessum fyrnist á árs fresti frá því er rektor Háskólans varð kunnugt um, hver brots er valdur, og aldrei skal dæma til refsingar fyrir brot á lögum þessum, ef 2 ár liða svo frá því er broti er lokið, að mál hefir ekki verið höfðað.

10. gr.

Hreinarð af útgáfu almanaka ár hvert, skaðabætur og sektir fyrir brot á einkarjettinum, andvirði upptækra rita og gjöld samkvæmt 6. gr. skal leggja í sjerstakan sjóð, sem Almanakssjóður heiti, og stjórnar Háskólaráðið honum. Skal verja vöxtum sjóðsins, þegar innstæðan þykir hafa vaxið nægilega, til eflingar stærðfræðivísindum á Íslandi.

11. gr.

Háskólaráðið semur og ráðherra staðfestir reglur, þar sem nánar verður ur kveðið á um tilhögun Almanaksins, hvað í það skuli taka og hvernig.

útgáfu þess og útsölu skuli haga. Með sama hætti skal setja reglur um meðferð Almanakssjóðsins og um annað, sem lýtur að framkvæmd laga þessara og eigi er látið um mælt í þeim.

12. gr.

Einkarjett þann, sem í 1. gr. segir, hefir Háskólinn á útgáfu almanaks fyrir árið 1922.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feldur VII. kafli tilsk. 3. febr. 1836, svo og önnur fyrirsmáli í lögum, sem koma kynnu í hága við lög þessi.

Greinargerð.

Samkvæmt D. L. 2—21—5, sbr. kgsbr. 1. mars 1684, hefir Kaupmannahafnarháskóli haft einkarjett til útgáfu almanaka í Danmörku. Með opnu brjefi 5. ág. 1831 var nánar fyrir mælt um refsingar fyrir brot á einkarjetti þessum. Opna brjefið frá 5. ág. 1831 var loks leitt í lög á Íslandi með tilsk. 3. febr. 1836, VII. kafla. Þar með er Kaupmannahafnarháskóla veittur sami einkarjettur til almanaksútgáfu á Íslandi, og öllum bannað að gefa út almanök hjer og selja, nema almanak háskólans í Kaupmannahöfn. Síðan hefir Kaupmannahafnarháskóli gefið út íslensk almanök, svo sem kunnugt er.

Frá 1. des. 1918 er Ísland viðurkent fullvalda ríki samkv. sambandslögnum frá 30. nóv. 1918, og fjell einkarjettur Kaupmannahafnarháskóla þá niður. Hefir kenslumálaráðuneyti Danmerkur fallist afdráttarlaust á þessa skoðun í brjefi sínu 13. apr. f. á., enda hafði Konsistorium Kaupmannahafnarháskóla einnig tjáð sig sömu skoðunar í brjefi sínu 15. mars 1920, og getið þess, að af hálfu Hafnarháskóla væri ekkert því til fyrirstöðu, að Háskóla Íslands eða öðrum yrði veittur einkarjettur til útgáfu almanaks á Íslandi. Vakti landsstjórnin athygli háskólaráðsins á þessu, og samþykkti háskólaráðið það í einu hljóði á fundi sínum 9. okt. f. á. »að fara þess á leit, að Háskóla Íslands yrði veitt einkaleyfi það til að gefa út íslensk almanök, er Kaupmannahafnarháskóli hefir haft að undanförmu, en nú er niður fallið«.

Þess skal og getið, að háskólaráðinu hefir verið sýnt uppkast að frumvarpi þessu, óbreytt að efni til.

Það virðist vel fallið, að Háskóli Íslands fái áðurnefndan einkarjett, sem löggjafarvaldi Íslands er nú tvímælalaust heimilt að ráðstafa. Það mun mega gera ráð fyrir nokkrum tekjum af einkarjettinum, enda er almanaksútgáfan alls kostar áhættulaus, með því að öll samkeðni á því sviði er útilokuð.

Árið 1919 var upplag íslenska almanaksins einu eintaki fátt í 19000, og telur almanaksnefndin danska í brjefi 9. mars 1920 hreinar tekjur af íslenska almanakinu munu verða árið 1919 600—700 kr. En almanakið hefir verið selt einkar ódýrt, lengstum 11 aura heft, og nú síðast 16 aura heft. Það er 24 bls. eða 1½ örk, og er verðið því margfalt lægra að tiltölu en nú gerist á bókum, sem síðustu árin hafa verið hjer gefnar út. Nú er algengt að setja verð á nýútkomnar bækur, sem svarar 1 kr. á hverja 16 blaðsíðna örk. Það gæti því ekki

talist dýrt, þó að almanakið yrði selt á 40 auro, með sömu eða líkri stærð, sem það nú hefir. Ekki mun heldur of í lagt, að 15000 eintök muni seljast á ári. Ritstjórn má áætla um 1000 kr. á ári og prentun og pappír að líkindum alt að 1000 kr., með því verði, sem nú er. Þá er eftir hefting, útsending og burðargjald, sem sjálfsagt yrði ekki undir 500 kr.

Ef þessi áætlun er nærhæfis, yrði reikningurinn á þessa leið:

Tekjur: 15000 eintök 0,40	kr. 6000,00
÷ 25% sölulaunum	— 1500,00
	<u>Kr. 4500,00</u>

Gjöld: Ritstjórn	kr. 1000,00
Pappír og prentun	— 1000,00
Hefting o. fl.	— 500,00
	<u>Kr. 2500,00</u>

Tekjur hreinar ættu með þessu móti að geta orðið kr. 2000,00. Ótalið er það, sem inn kynni að koma fyrir leyfi samkvæmt 6. gr. frumvarpsins. En það verður ekki áætlað að svo stöddu.

Um einstakar greinir frv. skal það tekið fram, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Hún geymir aðalfyrirmæli frv. ásamt 12. gr. fyrri málsgr., er segir, hve nær einkarjetturinn hjerji. Það er einsætt, að Háskólinn nýtur allrar verndar eftir frv. fyrir almanak sitt 1922. Innflutningur annara almanaka fyrir það ár, og aðrar athafnir þær, sem í 5. gr. segir, er því algerlega bannaður.

Um 2. gr.

Háskólaráðið hefir hjer sama hlutverk sem Konsistorium Kaupmanna-hafnarháskóla og Almanaksnefnd hefir þar með höndum. Sundurliðuð ákvæði um hvað eina verður að setja með reglugerð, eftir því sem þörf krefur, svo sem hvað í almanakið skuli taka, brot þess, útsölu o. s. frv.

Um 3. gr.

Almanak er öllum almennungi alveg ómissandi bók, og verður því að fylgja einkarjettinum brýn skylda til að gefa það út, svo að viðunandi sje.

Um 4. gr.

Það virðist eðlilegt, að ráðherra ákveði eftir tillögum háskólaráðs verð á almanakinu. Liggja þar til þau rök, sem í aths. við 3. gr. segir. Það hefir og alt af tíðkast í Danmörku, að kenslumálaráðuneytið hefir ákveðið almanaksverðið. Er varla gerandi ráð fyrir ósamkomulagi milli ráðherra og háskólaráðs í þessu efni.

Um 5. gr.

Ákvæði hennar svara til 1. gr. VII. kafla tilsk. 3. febr. 1836. Brotin eru nokkru gerr sundurliðuð, og þykir ólíklegt, að einkarjetturinn verði brotinn svo, að ekki verði annaðhvort refsað eftir þessari grein eða analogíu hennar.

Um 6. gr.

Það hefir tíðkast, þrátt fyrir einkarjett Kaupmannahafnarháskóla, að mönnum hefir verið leyft að gefa út dagaskrár nokkurskonar og að flytja inn slík útlend rit fyrir gjald (sbr. brjef kenslumálaráðherra 28. mars 1874). Kaupsýslumenn hjer hafa mjög haft þann hátt á nú um hrið, að senda skiftavinum sínum ýmis-konar dagaskrár, og munu ekki hafa goldið af til Hafnarháskóla, enda þótt þetta hafi líklega verið brot á einkarjetti hans, sbr. brjef Almanaksnefndar áðurnefnt. Það virðist rjett að taka hjer upp sömu eða svipaða reglu, sem gilt hefir í Danmörku, en einsætt er, að eftirlits þarf, svo að leyfi verði ekki misbrúkað. Í Danmörku hefir verið venja að stimpla þau eintök, sem leyft hefir verið að láta af hendi, og mun hægt að hafa þá aðferð hjer líka.

Svipuð ákvæði eru og um einkarjett Hafnarháskóla sem í 2. málsgr. (sbr. kgsúrsk. 23. des. 1831).

Um 7. gr.

Svarar til op. br. 5. ág. 1831, 1. gr., og tilsk. 3. febr. 1836, VII. kafla 1. gr. Við er bætt um lögald eða lögbann og skaðabætur. Lögald þetta eða lögbann þarf ekki að rjettlæta með öðrum hætti en lögald eftir 14. gr. tilsk. 24. janúar 1838, með dómi í opinbera málinu.

Um 8. gr.

Það getur horið við, að aðalmaður í broti samkvæmt 5. gr. sje vistfastur erlendis, svo að ekki náist til hans. Og er þá rjett, að þeir, sem starfa hjer að brotinu fyrir hann, einn eða fleiri, geti átt á hættu, að ábyrgð verði gerð á hendur þeim, enda verði valið um, svo að sá verði tekinn, sem sekastur þykir eða líklegastur til að geta bætt.

Um 9. gr.

Það virðist fara vel á því að láta málshöfðun fara eftir kröfu þess, sem telja verður misgert við einkanlega, en það er Háskólinn.

2. málsgr. er í samræmi við 67. og 68. gr. alm. hegningarlaga.

Um 10. gr.

Það virðist miklu betur fara á því að leggja til hliðar það, sem græðist á almanakinu, en að blanda því saman við annað sje Háskólans, og gera það, ef til vill, að eyðslueyri í þarfir Háskólans. Og þá virðist liggja næst að verja fjenu á sínum tíma til eflingar þeim visindum hjer, sem eru undirstaða almanaksins, og tekur þetta einkum til stjórnufræðinnar.

Um 11. gr.

Sbr. aths. við 2. gr. Virðist ekki þurfa skýringar.

Um 12. gr.

Sbr. aths. við 1. gr.